



HOLLVINASAMNINGUR

<fyrirtæki>, **KENNITALA**] („hollvinur“) og [**Forritarar framtíðarinnar**, 451213-0670] („sjóðurinn“ eða „sjóður“) gera með sér eftirfarandi samning um aðild:

1. FORMÁLI

- 1.1. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Staðfest skipulagsskrá sjóðsins er fylgiskjal með samningi þessum.
- 1.2. Sjóðurinn hefur þann megintilgang að efla og auka áhuga á forritunarmenntun og hagnýtingu á tækni í skólum landsins með úthlutun styrkja í fyrirfram ákveðin verkefni í samræmi við staðfesta skipulagsskrá sjóðsins.
- 1.3. Sjóðurinn hefur heimild til að verja framlögum frá hollvinum, að hluta eða öllu leyti, til styrkveitinga og framlaga samkvæmt staðfestri skipulagsskrár sjóðsins.
- 1.4. Með samningi þessum hefur hollvinur ákveðið leggja sjóðnum lið með því að veita sjóðnum framlag til að sjóðnum verði gert kleift að úthluta styrkjum í samræmi við staðfesta skipulagsskrá sjóðsins.

2. FRAMLAG TIL SJÓÐSINS / ÁRGJALD

- 2.1. Með undirritun sinni á samning þennan skuldbindur hollvinur sig til að standa skil á árgjaldi til sjóðsins samkvæmt samningi þessum.
- 2.2. Árgjald er sú fjárhæð sem hollvinur skal standa sjóðnum skil á samkvæmt samningi þessum. Greiðsla árgjalds í formi fjárframlaga er umsemjanleg en skal ekki vera lægri en 100.000 kr.
- 2.3. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að víkja frá framangreindum ákvæðum innan starfsárs samkvæmt nánara samkomulagi við hollvin hverju sinni.

3. GREIÐSLA ÁRGJALDS

- 3.1. Árgjald í formi fjárframlaga skal greitt með einni greiðslu á ári.
- 3.2. Greiðsluseðlar fyrir árgjald í formi fjárframlaga eru sendir til hollvina 1. janúar og skulu greiddir eigi síðar en á gjalddaga sem er 1. febrúar ár hvert.



3.3. Árgjald skal greitt inn á bankareikning sjóðsins eða í samræmi við greiðslufyrirmæli sjóðsins á hverjum tíma.

4. KYNNINGAR- OG MARKAÐSEFNI

4.1. Sjóðurinn hefur heimild til að nota nafn og/eða myndmerki (e. logo) hollvina í kynningar- og/eða markaðsefni sínu s.s. við auglýsingu styrkja sem og við úthlutun þeirra. Óski hollvinur þess þá skal sjóðurinn ekki nota nafn viðkomandi hollvinnar í kynningar- og/eða markaðsefni sínu.

4.2. Hollvinir hafa heimild til að nota nafn og/eða myndmerki (e. logo) sjóðsins í sínu eigin kynningar- og markaðsefni. Óski sjóðurinn þess þá skal hollvinur ekki nota nafn sjóðsins í kynningar- og/eða markaðsefni sínu.

5. GILDISTÍMI OG LOK SAMNINGS

5.1. Samningur þessi er ótímabundinn.

5.2. Hollvinur og sjóður hafa heimild til að segja samningi þessum upp skriflega án fyrirvara og tekur uppsögn gildi strax.

5. LÖGSAGA OG ÞINGHÁ

5.2. Um samning þennan gilda íslensk lög.

5.3. Áður en aðilar samnings þessa leggja ágreining fyrir dóm skulu þeir áður leitast við að leysa úr ágreiningi sínum eftir bestu mögulegu getu. Náist ekki samkomulag á milli aðila um lausn ágreinings samkvæmt samningi þessum skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

6.1. Ákvæðum samnings þessa verður aðeins breytt með skriflegum hætti og krefst undirritunar beggja samningsaðila.

6.2. Sá aðili eða þeir aðilar sem undirrita samning þennan fyrir hönd hollvinnar lýsa því yfir að þeir hafa heimild til þess að undirrita samninginn fyrir hönd hollvinnar og hafi heimild til að skuldbinda hollvin samkvæmt efni samningsins.

6.3. Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.